

REGLUGERÐ

um (6.) breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

1. gr.

Ákvæði 3.4. verður eftirleiðis svohljóðandi:

Eftirlitsaðilar eru Umhverfis- og orkustofnun og faggiltir skoðunaraðilar sem starfa samkvæmt reglugerð þessari með takmarkaðar heimildir í samræmi við 58. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

2. gr.

Ákvæði 4. gr., ásamt fyrirsögn, verður eftirleiðis svohljóðandi:

Hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar.

Umhverfis- og orkustofnun sér um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „skulu heilbrigðisnefndir“ 1. málsl. 1. mgr. kemur: skal Umhverfis- og orkustofnun.
- b. Í stað orðanna „Heilbrigðisnefndir skulu“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun skal.
- c. Í stað orðanna „og heilbrigðisnefndir“ í 3. mgr. kemur: í samráði við Umhverfis- og orkustofnun.

4. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefndir“ í 12. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun og eftir atvikum Stofnun atvinnuveganna.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. reglugerðarinnar.

- a. Í stað orðsins „skal“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: skulu sveitarfélög.
- b. Í stað orðanna „Heilbrigðisnefnd getur“ tvívegis í 13. gr. kemur: sveitarstjórn og Umhverfis- og orkustofnun.

6. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 14. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

7. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ tvívegis í 16. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 17. gr. reglugerðarinnar.

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður sem verður 1. málslíður svohljóðandi:
Umhverfis- og orkustofnun gefur út starfsleyfi fyrir losun mengandi efna og skólps í vatn.
- b. Í stað orðanna „starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“ í 7. mgr. kemur: losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- c. Orðin „, hvort sem starfsleyfi er gefið út af Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd“ í 7. mgr. falla brott.

9. gr.

Í stað orðanna „skulu heilbrigðisnefndir, í samráði við“ í 19. gr. kemur: skal.

10. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um hlutverk sveitarfélaga við framkvæmd reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, []2026